

Sp.

718. Tillaga til þingsályktunar

[313. mál]

um byggingu rannsóknarskips.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita nú þegar samninga um smíði hafrannsóknarskips af skuttogsgerð, 500 smál. eða stærra, knúið a. m. k. 2000 ha. aðalvél.

Greinargerð.

Sú staðreynd blasir við, að við Íslendingar erum mjög skammt á veg komnir, að því er varðar hvers konar hafrannsóknir. Á hinn bóginn er augljóst, að fiskveiðar t. d. verða ekki stundaðar í framtíðinni af neinni fyrirhyggju, nema miklu meiri og ítarlegri upplýsingar liggi fyrir í þeim efnum, en nú er. Ber ekki aðeins brýna nauðsyn til að finna nýja fiskstofna, sem sækja má í, heldur er hitt lífsnauðsyn, að þekkja til hlítar veiðiþol þeirra stofna, sem við stundum.

Vissulega hefur okkur orðið nokkuð ágengt hin síðari árin. Við eigum vel menntaða fiskifræðinga, en Hafrannsóknastofnunin er í heild of faliðuð.

Nokkurn tækjakost höfum við eignast. Skortur á hæfilegum rannsóknarskipum er þó þar sem skórinn kreppir mest. Þróun í skipakosti hefur ekki orðið eins skjót og mikil og þyrfti. Við eigum nú 4 rannsóknarskip. Þau eru: Bjarni Sæmundsson, smíðaár 1970, 1400 ha., Árni Friðriksson, 1967, 996 ha., Hafþór, 1959, 800 ha., og Dröfn, 1961, 500 ha. Ef Hafþór verður gerður áfram út til rannsókna, þarf hann mjög mikilla endurbóta við, sem vafasamt er að svari kostnaði. Auk þess er skipið að ýmsu leyti óhentugt.

Á örskammri stund hefur orðið bylting í togaraútgerð landsmanna. Við höfum eignast fjölmörg ný skuttogskip, allt upp í 1000 smál. að stærð. Nú er það hið mikilvægasta, að við gerum okkur hið allra fyrst sem ljósasta grein fyrir, hvernig þessum veiðitækjum verður best beitt með tilliti til afla og fiskverndar. Til þess að það megi takast, þurfum við að eignast rannsóknarskip, sem er af stærð og búíð þeim tækjum og vélarafli, sem jafnast til þess, sem gerist um hinn nýja togaraflota. Þess vegna er lagt til, að skipið verði eigi minna en 500 smál. að stærð og búíð vélarafli a. m. k. 2000 ha., auk að sjálfsgöðu allra nýjustu og fullkonnustu fiskleitar- og siglingartækja.